

Lögmaður stefnda, Magnús Thorlacius, greiði 150 króna sekt í ríkissjóð, en sæti 2 daga varðhaldi, verði sektin eigi greidd innan aðfararfrests í málinu.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 27. nóvember 1953.

Nr. 106/1949. **H/f Fell** (Theódór B. Líndal)

gegn

H/f Maí (Guttormur Erlendsson)

og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómáramur Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Sigfús M. Johnsen bæjarfógeti og samdómsmennirnir Lúðvík N. Lúðvíksson og Sæmundur Jónsson hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. ágúst 1949. Krefst hann þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða kr. 61100.00 með 6% ársvöxtum frá 8. nóvember 1947 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins. Þá krefst aðaláfrýjandi og viðurkenningar á sjóveðrétti í v/b Marz, RE 27, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 20. september 1949. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða kr. 49.500.00 með 6% ársvöxtum frá 8. nóvember 1947 til greiðsludags og málskostnað í héraði og hér fyrir dómi að mati Hæstaréttar.

Meta verður það stjórnendum v/b Marz til vangæzlu, að þeir létu kasta fyrir síld svo nálægt v/b Felli, sem málsatvik sýna. Máttu þeir og sjá, að skipverjar á v/b Felli voru þá önnur kafnir við að koma nót með síld upp að hlið vélbátsins

og skipstjórnarmönnum Fells óhægt um stjórn tök af þeim sökum.

Á hinn bóginn verður það að teljast vangæzla af hálfu stjórnenda v/b Fells að hafa ekki þann vörð á skipinu, er fylgst gæti með siglingu og athöfnum v/b Marz, enda er ósannað, að ekki hefðu verið tök á að afstýra einhverju af tjóninu, ef svo hefði verið.

Þykja því stjórnendur beggja skipanna eiga sök á því, hvernig fór, og eins og atvikum er háttað, þykja eigendur v/b Marz eiga að bera ábyrgð á tjóni því, er af hlaut, að $\frac{3}{5}$ hlutum, en eigendur v/b Fells að $\frac{2}{5}$ hlutum.

Aðaláfrýjandi sundurliðar skaðabótakröfu sína þannig:

- | | |
|--|---------------|
| 1. Glötuð 600 mál síldar, kr. 32.00 hvert mál | kr. 19.200.00 |
| 2. Veiðitjón vegna tafar frá síldveiðum, 1200 mál síldar | — 38.400.00 |
| 3. Kostnaður af viðgerð á nót | — 3.500.00 |

Alls kr. 61.100.00

Um 1. og 2. lið. Tjón aðaláfrýjanda af þessum sökum þykir hæfilega metið andvirði 800 mála síldar eða alls kr. 25.600.00.

Um 3. lið. Samkvæmt gögnum þeim, er fyrir liggja í málinu, þykir ekki ástæða til að lækka þennan kröfulið, sem verður því tekinn til greina.

Samkvæmt þessu telst tjón aðaláfrýjanda hafa numið samtals kr. 29.100.00, og ber gagnáfrýjanda að greiða aðaláfrýjanda $\frac{3}{5}$ hluta þeirrar fjárhæðar eða kr. 17.460.00.

Gagnáfrýjandi sundurliðar skaðabótakröfu sína þannig:

- | | |
|---|------------------|
| 1. Kostnaður af viðgerð á nót | kr. 13.500.00 |
| 2. Veiðitjón vegna tafar frá síldveiðum | — 36.000.00 |

Alls kr. 49.500.00

Um 1. lið: Samkvæmt gögnum málsins og málflutningi eru ekki efni til að lækka þenna kröfulið, sem verður tekinn til greina óbreyttur.

Um 2. lið: Aflatjón gagnáfrýjanda þykir hæfilega metið andvirði 600 mála síldar, eða kr. 19.200.00.

Tjón gagnáfrýjanda telst því hafa numið alls kr. 32.700.00 og ber aðaláfrýjanda samkvæmt því, er að framan greinir,

að bæta honum það tjón að $\frac{2}{5}$ hlutum, eða með kr. 13.080.00.

Úrslit málsins verða því þau, að gagnáfrýjanda verður dæmt að greiða aðaláfrýjanda kr. 17.460.00 ÷ kr. 13.080.00 eða kr. 4.380.00 með vöxtum, eins og krafizt er, svo og málskostnað fyrir báðum dómum, kr. 3000.00. Samkvæmt ákvæðum 4. tl. 236. gr. siglingalaga nr. 56/1914 ber að viðurkenna sjóveðrétt aðaláfrýjanda í v/b Marz, RE 27, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Óhæfilegur dráttur hefur orðið á meðferð máls þessa fyrir Hæstarétti.

Dómsorð :

Gagnáfrýjandi, h/f Maí, greiði aðaláfrýjanda, h/f Felli, kr. 4380.00 með 6% ársvöxtum frá 8. nóvember 1947 til greiðsludags og kr. 3000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Á aðaláfrýjandi sjóveðrétt í v/b Marz, RE 27, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Eins og atvikum þessa máls virðist háttað samkvæmt hinum ófullkomnu sönnunargögnum, tel ég rétt, að hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu fyrir báðum dómum. Að öðru leyti fellst ég á atkvæði meiri hlutans.

Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 23. júní 1949.

Mál þetta er höfðað hér fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu útgefni 22. okt. 1948, birtri 25. s. m., af aðalstefnanda málsins, stjórn h/f Maí í Reykjavík, þeim Erlendi Pálmasynt, Guðmundi Halldórssynt og Lúðvík Þorgeirssynt, f. h. félagsins, gegn stjórn h/f Fells í Vestmannaeyjum, f. h. félagsins, þeim Tómasi M. Guðjónssynt, Höfn, Ástþóri Mattíassynt, Sóla, Kjartani Guðmundssynt, Skólavegi 10, Sighvati Bjarnasynt, Ási, Guðlaugi Gíslasynt, Skólavegi 21, öllum í Vestmannaeyjum, til greiðslu skaðabótaupphæðar, er nemur kr. 49.500.00, auk 6% ársvaxta frá 8. nóv. 1947 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Þá krefst hann og sjóveðréttar í Felli, VE 31, fyrir hinum umstefndu kröfum.

Aðalstefndi, stjórn Fells h/f f. h. félagsins, mótmælti hér fyrir dóminum kröfum aðalstefnanda, sbr. greinargerð rskj. 4, og krafðist sýknunar af þeim öllum, ítrekar kröfur í gagnstefnu, en með gagnstefnu, útgefni 4.

nóv. s.l., birtri 5. s. m., stefndu ofangreindir stjórnarmenn stjórnar h/f Fells í Vestmannaeyjum, f. h. félagsins, aðalstefnanda þessa máls, stjórn h/f Maí, Reykjavík, þeim Erlendi Pálmasyni, Guðmundi Halldórssyni og Lúðvíki Þorgeirssyni f. h. Maí, Reykjavík, til skaðabótageiðsluupphæða, samtals kr. 61.000.00, aðallega til sjálfstæðs dóms, en til vara til skuldafafnaðar við aðalkröfu í aðalmálinu, auk 6% ársvaxta frá 8. nóv. 1947 og málskostnaðar að skaðlausu. Þá er og krafizt sjóveðréttar í skipi stefndu.

Gagnstefndi, stjórn h/f Maí, Reykjavík, f. h. félagsins, gerði þær réttarkröfur í gagnsök að verða algerlega sýknaður af kröfum gagnstefnanda og sér tildæmdur hæfilegur málskostnaður eftir mati réttarins.

Málið var flutt skriflega samkvæmt framkominni ósk beggja aðilja. Sáttta var leitað í aðalsök og gagnsök, en árangurslaust.

Málavöxtum er þannig lýst og atvik greind, sbr. fyrirleggjandi skjöl og gögn málsins og koma við aðalsök og gagnsök:

Í aðalsök. Aðalstefnandi, málshefjandi hér fyrir réttinum, stjórn h/f Maí f. h. félagsins gerir kröfur sínar um skaðabótageiðslur á hendur stefndu, sbr. stefnuna rskj. 1, vegna tjóns, er hann telur, að skip félagsins, v/b Marz, RE 27, hafi orðið fyrir, er það var að síldveiðum í Hvalfirði laugardaginn 8. nóv. 1947, og rökstyður aðalstefnandi kröfur sínar á þessa leið, að inntum málavöxtum, er hann lýsir á þessa leið:

Að umræddan dag, laugardaginn 8. nóv. 1947, um kl. 15.30, hafi v/b Marz, RE 27, kastað nót sinni í Hvalfirði. Þegar langt hafi verið komið að snurpa, hafi þeir á v/b Marz séð, að v/b Fell, hafi komið rekandi með talsverðum hraða í áttina til þeirra. Kallað hafi verið frá v/b Marz yfir á v/s Fell og beiðst, að tekið væri aftur á bak, en þegar svarið hafi komið, hafi það verið á þá leið, að það væri eigi hægt. Hafi svo v/s Fell rekið á nót og báta v/b Marz og nót v/b Marz hafi festzt á stýrinu á v/b Fell, er síðar hafi dregið nótina út eftir firðinum í ca. 2½ klukkutíma. Nótin hafi öll hengilrifnað og til þess að losa hana frá v/b Fell, hafi orðið að skera sundur korkateininn og draga síðan nótina úr festunni. Þá hefur hann og haldið því fram, að mikið af síld hafi sézt ánetjað í nótinni, svo að líkur hafi verið til, að gott kast fengist, hefði hann eigi orðið fyrir umgetnu skakkafalli. Miðar hann veiðitjón sitt við einn farm skipsins af síld.

Heldur aðalstefnandi því fram, að gagnstefnandi eigi alla sök á þessu tjóni og færir það til einkum, að v/s Fell hafi ekkert aðhafst, er í óefni var komið, til að afstýra tjóninu, er hann kveður þó hafa verið unnt að gera og vísar til vitnisburðar Anneliusar Jónssonar, skipstjóra á v/b Degi frá Reykjavík, er og var þarna að veiðum, um að mátt hefði bjarga, samt eigi áhættulaust. Þá segir aðalstefnandi, að aðeins einn maður hafi verið um borð í v/s Felli, er kallað var, og því hafi eigi verið hægt um vik um að gera það, sem gera hefði þurft til að afstýra því, að v/s Fell rækist á v/b Marz. Þessu hefur verið mótmælt af aðalstefnda.

Eru staðhæfingar aðalstefnda um, að aðalstefndi og gagnstefnandi eigi

sök á umgetnu tjóni langt frá því að vera rökstuddar, enda mótmælt af gagnstefnanda, eins og áður er tekið fram. Sama gegnir um umsögn aðalstefnanda um, að síld hafi verið í nótt v/b Marz, ánetjuð.

Gagnsök. Gagnstefnandi, stjórn h/f Fells f. h. félagsins, skýrði frá því við rökstuðning á kröfum sínum í gagnsök og andmælum gegn kröfu aðalstefnanda, að þannig sé málum farið, sem nú er lýst: Skip h/f Fells, v/s Fell, VE 31, hafi verið að síldveiðum í Hvalfirði með herpinót laugardaginn 8. nóv. 1947, og ber þar auðvitað frásögnum saman. Kl. um 2 e. h. hafi v/s Fell kastað og mikil síld hafi komið í nóttina, og þurfti skipstjórinn á v/s Felli, Jóhann Pálsson, að fá annað skip sér til aðstoðar og tókst að fá v/b Sigrúnu frá Akranesi.

Eftir að byrjað var að hífa, kastaði v/b Marz, RE 27, sem er eign aðalstefnanda máls þessa, nálægt v/s Felli. Er v/b Marz kastaði, var v/s Fell, eins og upplýst er í málinu, með nótt sína með síld í á síðunni og skipið Sigrún á hinn hliðinni og auk þess var nótt frá öðru skipi, er síðar upplýstist, að var v/b Dagur frá Reykjavík, alveg fast við skrúfunu á v/s Felli, og náði auk þess alveg aftur fyrir hælinn á v/b Sigrúnu. Hafði v/b Marz kastað til hlés við v/s Fell og það nærri, eftir því sem upplýst er, að v/b Marz hafði ekki tíma til að snurpa sína nótt, áður en v/s Fell hafði rekið ofan í hana, og liða eigi meira en 5—10 mínútur frá því að v/b Marz kastaði og þar til þetta var skeð. Gagnkröfur sínar á hendur aðalstefnanda og gagnstefnda rökstyður gagnstefnandi með því, að v/b Marz hafi kastað of nærri skipi sínu, v/s Felli, og beri ábyrgð á afleiðingum þess, sbr. rskj. nr. 6, og stýrimaður á v/s Felli, er staðfesti skýrslu skipstjóra, segir að að hans dómi hafi v/b Marz kastað of nærri og hættulega nærri v/s Felli, og bætir við, að óhjákvæmilegt hafi verið, að öðru visi gæti farið en fór.

Upplýst er í málinu, að straumur var allmikill og rak Fell með straumnunum.

Upplýst má og teljast, að er v/b Sigrún kom að v/s Felli, var v/s Fell eitt út af fyrir sig og ekkert skip nálægt því, og að v/b Marz kom og kastaði mjög nálægt Fellinu, er v/b Sigrún var búin að vera stutta stund við v/s Fell og að ekki hefðu liðið nema fáar mínútur, 5—10 mínútur er haldið fram, frá því að v/b Marz kastaði og þar til v/s Fell hafði rekið í nótt v/b Marz.

Þá má það og teljast upplýst, sbr. skýrslu rskj. 6 og rskj. 10, að eigi hafi verið unnt að afstýra árekstri, eins og á stóð, milli v/s Fells og nóttar v/b Marz, nema að minnsta kosti með allmikilli áhættu fyrir v/s Fell og þá óvíst um árangur.

Nótt v/b Dags frá Reykjavík, en bátur þessi hafði kastað um það samtímis, sbr. skýrsluna rskj. 10, v/b Marz, var rétt aftan við v/s Fell. Nótt v/b Fells rak þannig, að annar vængurinn hafði rekið beint á stefnið á v/b Felli, en nótt v/b Dags á v/b Sigrúnu, er fékk hana í skrúfunu.

Skipstjórinn á v/s Felli hefur borið það, að er hann heyrði kallað frá v/b Marz, hafi v/s Fell verið komið ofan í nóttina hjá v/b Marz, en ekki hafi verið unnt að hreyfa skrúfunu, vegna þess að skipið hafði mörg

hundruð mál síldar í nótninni á síðunni og auk þess aðra nótt við skrúfunu, nótt frá öðru skipi (v/b Degi). V/b Sigrún hafi heldur eigi getað hreyft skrúfunu, eins og á stóð, og ennfremur tjáir hann, að nótt v/b Marz hafi festzt í stýrinu á v/s Felli, auk þess sem önnur álma nótarinnar hafi legið fram með skipinu og undir því og fyrir nótapoka v/s Fells og að öðrum nótabátum frá v/b Marz, er hefði farið fram fyrir v/s Fell.

Mótmælt er því, að eigi hafi verið nema einn maður um borð í v/s Felli, er kallað var.

Samkvæmt skýrslu skipstjórans á v/s Felli gerir hann ráð fyrir, að v/s Fell hafi verið um 2½ klukkustund fast í nótninni, og kemur það víst allnærri heim við skýrslu aðalstefnanda, um að v/s Fell hafi dregið v/b Marz og nótabátana í ca. 2½ klukkutíma út eftir firðinum.

Þá hefur skipstjórinn á v/s Felli haldið því fram hér fyrir réttinum og það staðfest af stýrimanni á v/s Felli, að nótt Fells hafi rifnað mjög illa og að mikill hluti þeirrar síldar, sem í nótninni var, hafi tapast, og hafi þeir misst alla síldina úr sinni nótt, sem ekki tókst að hífa inn ofan í nótt v/b Marz og í sjóinn, og mundi það vera sú síld, er skipstjórinn á v/b Marz talar um í skýrslu sinni, rskj. nr. 2, að hafi verið ánetjuð í henni, því að ekki hafi heldur verið búið að snurpa. Um þetta liggur eigi annað fyrir en skýrslur skipstjóranna á v/s Felli og v/b Marz, rskj. nr. 6 og rskj. nr. 2.

Einnig heldur gagnstefnandi því fram, að nótt v/b Marz hafi rifnað af völdum skrans í sjávarbotninum, þar sem kastað var, og beri eigendur v/s Fells eigi ábyrgð á tjóninu, hvorki veiðitjóni né viðgerðarkostnaði, er hlaust af skemmdum á nótt v/b Marz af ofanefndum sökum.

Í aðalsök sundurliðar aðalstefnandi kröfur sínar þannig, auk vaxtakröfu og málskostnaðar, sbr. það er að framan segir:

Kostnað við að gera við nótnina þannig, að hún fengi aftur fulla

| | |
|---|---------------|
| lengd og dýpt | kr. 13.500.00 |
| Veiðitjón, miðað við einn farm í skipið af síld | — 36.000.00 |

Samtals kr. 49.500.00,

sbr. rskj. 7, vottorð Auðuns Hermannssonar, og rskj. 8, skýrsla skipstjóra Erlendar Pálmasonar.

Í gagnsök sundurliðar gagnstefnandi skaðabótakröfur sínar, auk vaxtakröfu og kostnaðar, þannig:

| | |
|--|---------------|
| Töpuð 600 mál síldar á kr. 32/00 | kr. 19.200.00 |
| Vegna tafa tap, 1200 mál síldar | — 38.400.00 |
| Viðgerðarkostnaður á nótt | — 3.500.00 |

Samtals kr. 61.100.00

Að athuguðum öllum málavöxtum verður rétturinn að vera þeirrar skoðunar, að eigi hafi verið sýnd nægileg aðgæzla af hálfu yfirmanna v/b Marz, er upplýst í málinu, að kastaði mjög nálægt v/s Felli, er var með síldarkast á síðunni og skipið Sigrún við hina hliðina, og með tilliti til þess, einkum að mikill straumur var og að því er varðar staðhæfingu aðalstefn-

anda, að v/s Fell hefði getað afstýrt tjóninu, með því að hífa aftur á, virðist það, eins og skipstjóri á v/s Fell hefur haldið fram, hafa verið útilokað af þeim ástæðum, er áður er greint. Að kasta akkeri virðist heldur enginn tími hafa verið til, eftir að þeir á v/s Felli urðu varir við hættuna, því sá tími, sem ætla má að farið hefði til að kasta akkeri og gefa út keðju, hefði að líkindum verið lengri en umtalað er í málinu, að um hafi verið að ræða til athafna, og enda þótt þetta hvorttveggja hefði verið hægt, þá gat stafað af því svo mikil hætta fyrir nótt v/s Fells, að hún myndi rifna, að vart var hægt að krefjast þess af skipstjóra v/s Fells, að hann gripi til þessa úrræðis í tvísýnu mikilli um árangur í jafnmiklum straum og þarna var og leggja þar með mikil verðmæti í sölurnar.

Samkvæmt framansögðu verður að telja, að v/b Marz eigi sök á því tjóni, er hlaut af árekstrinum þann 8. nóvember 1947, og hér er lýst að framan, og í því beri aðalstefnanda, stjórn h/f Maí, eigenda v/b Marz f. h. félagsins að bæta stjórn h/f Fells, eigenda v/s Fells, VE 31, f. h. félagsins, tjón það, er upplýst verður að telja, að orsakast hafi fyrir nefnt h/f Fell beinlinis vegna ofannefndra atburða, sem lýst hefur verið hér að ofan, þann 8. nóv. 1947, tjón á afla og viðgerðarkostnaði, og verða því kröfur aðalstefnanda og gagnstefnda, sem hér að ofan er lýst, eigi teknar til greina í aðalsök, hvorki skaðabótakrafa, vaxtakrafa né málskostnaðarkrafa og sýknast aðalstefndi af þeim, en aðalstefnanda og gagnstefnda er hins vegar skylt, sbr. það, er að framan segir, að greiða gagnstefnanda bætur í gagnsök og ákveðast þær, eins og hér segir:

- 1) Fyrir missi sildar úr nótt v/s Fells, en magnið verður að áætla, með því að ekki eru sannanir færðar fram í málinu fyrir, hversu mikið hafi verið í nóttinni, enda slíkt eigi hægt. Telur rétturinn hentast að fara millveg og áætla í þessu tilfelli tapið fyrir sildarmissinn úr nóttinni
240 mál sildar, kr. 32/00 pr. mál kr. 7.680.00
- 2) Viðgerðarkostnað á nótt í Felli, sbr. rskj. nr. 13. a. b. — 3.500.00

Samtals kr. 11.180.00

Þessar upphæðir með vöxtum, eins og krafizt er í gagnstefnunni, krafa gagnstefnanda um sjóveðrétt fyrir hinum tildæmdu kröfum í v/s Marz, RE 27, skal og tekin til greina.

Kröfur gagnstefnanda, um bætur fyrir veiðitap sökum tafar vegna viðgerðar á nótt v/s Fells, treystir rétturinn sér eigi til að taka til greina, enda vantar í málinu verulegar upplýsingar um veiði sildveiðiskipa og veiðiveður almennt einmitt þessa daga, sem um er að ræða.

Málskostnað ber aðalstefnanda og gagnstefnda að greiða gagnstefnanda og aðalstefnda í aðalsök og gagnsök og ákveðst hann í heild kr. 800.00. Málskostnaðarreikningur enginn framlagður. Fyrir gagnkröfu sinni hefur gagnstefnandi krafizt sjálfstæðs dóms. Allt innan 14 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Því dæmist rétt vera:

Aðalstefndi og gagnstefnandi, stjórn h/f Fells í Vestmannaeyjum, f. h. félagsins skal vera sýkn af kröfum aðalstefnanda, stjórnar h/f Maí, Reykjavík, í aðalsök. Hins vegar skal gagnstefndi og aðalstefnandi greiða gagnstefnanda, stjórn h/f Fells, f. h. félagsins, kr. 11.180.00 í skaðabætur ásamt 5% ársvöxtum frá 8. nóvember 1947 að telja og til greiðsludags, sem og málskostnað í báðum sökum, kr. 800.00, allt innan 4 vikna (sic) frá lögbirtingu dóms þessa. Þá til dæmist og sjóveðréttur til handa stjórn h/f Fells í v/s Marz, RE 27. Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 27. nóvember 1953.

Nr. 54/1950. **Pétur Njarðvík** (Gústaf A. Sveinsson)
gegn

Kristjáni Kjartanssyni f. h.

Tanke Hjemgaards (Gunnar Þorsteinsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómamar Hæstaréttar.

Ómerking héraðsdóms.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. maí 1950. Krefst hann sýknu og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins. Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Mál þetta var þingfest í héraði hinn 26. janúar 1950. Lagði stefndi, sem var sækjandi málsins í héraði, þá fram auk stefnu og greinargerðar m. a. matsgerð dómkvaddra manna, dags. 10. janúar 1949. Taldi stefndi áfrýjanda til skuldar leigu „fyrir afnot eigna hans og réttinda hér á Siglufirði frá 18. júlí 1940 til 17. ágúst 1945“, samtals kr. 44225.00, en fjárhæð sú er byggð á niðurstöðum matsgerðar þeirrar, er áður greinir.

Af hálfu stefnda í héraði var ekki sótt þing, er málið var þingfest, og var málið því þegar lagt í dóm af umboðsmanni stefnanda.